Húsgerðir eru frjálsar að öðru leyti en því sem skilmálar þessir, mæliblöð og hæðarblöð kveða á um og fylgja skal byggingarreglugerð og öðrum reglugerðum í hvívetna.

Á aðaluppdráttum skal sýna skipulag nánasta umhverfis hvers húss, svonefndan einkanotalóðarhluta, s.s. sólpalla, skjólveggi, gróður við hús, garðskála ef þeir eru fyrirhugaðir, sorp, bílastæði og annað það sem máli skiptir fyrir útlit og fyrirkomulag mannvirkja, ásamt hæðartölum húss og nánasta umhverfis.

Leggja skal uppdrætti inn til skipulags- og umhverfissviðs sem fyrirspurn áður en þeir eru lagðir inn til endanlegrar afgreiðslu. Fyrirspurnaruppdrættir skulu sýna viðkomandi byggingu auk ofangreindra atriða í megindráttum, í grunnmynd útliti og sneiðingum, ásamt efnisvali. Litir á húsi og mannvirkjum skulu koma fram á umsókn um byggingarleyfi.

### 2.2 Bílgeymslur, bílastæði og göngustígar

Bílgeymslur fyrir fjölbýlishús eru ekki bundin en skulu sýnd á fyrirspurnaruppdráttum og vera innan uppgefins byggingarreits. Hver bílgeymslueining verði séreignahluti og má seljast til hvaða íbúðareiganda í fjölbýlishúsinu sem er. Bílgeymslur milli sérbýlishúsa skulu vera inndregnar við hús eins og byggingarreitir sýna ef þær haldast sem bílgeymslur en í stað þeirra má valkvætt byggja íbúðarhúsnæði í sömu byggingarlínu og hús. Bílastæði og gestabílastæði fyrir íbúðarhús skulu vera af þeim fjölda sem deiliskipulagið sýnir, sem er tvö bílastæði fyrir hverja íbúð í húsum A,B og D og eitt bílastæði fyrir hverja íbúð í húsum C, auk hálfs gestabílastæðis á hverja íbúð. Ef bílgeymslum verður breytt í íbúðir gæti krafa um bílastæðafjölda breyst. Hliðra má bílastæðum óverulega ef byggingaraðili óskar þess og aðstæður gefa tilefni til. Æskilegt er að staðbundin og vistvæn efni verði notuð við gerð bílastæða og göngustíga á svæðinu.

### 2.3 Víðihlíð - dvalarheimili aldraðra - hjúkrunarheimili

Núgildandi deiliskipulagi við Víðihlíð er breytt. Nýjir byggingarreitir fyrir dvalarheimili aldraðra eru afmarkaðir til austurs og vesturs. Nýbyggingar mega vera tvær hæðir. Þess skal gætt að með formi og hæð nýbygginga verði tekið fullt tillit til núverandi húsnæðis og útsýni frá því verði ekki skert frekar en nauðsynlegt er. Nýbyggingar tengist núverandi dvalarheimili svo þjónusta og starfaðstaða verði sem best. Auðvelt er að áfangaskipta nýbyggingum.

### 2.4 Lagnir

Byggð á deiliskipulagssvæðinu verður tengd holræsa- og lagnakerfi Grindavíkur.

### 2.5 Mæliblöð, hæðarblöð

Gera skal mæliblöð og hæðarblöð fyrir allar framkvæmdir á deiliskipulagssvæðinu. Lóðarstærðir eru sýndar gróflega í deiliskipulagi en skulu afmarkaðar nákvæmar við gerð mæli- og hæðarblaða. Mæliblöð skulu sýna stærð lóða, byggingarreiti húsa, aðkomu að húsum, bílastæði, kvaðir ef einhverjar eru o.fl. Mæliblöð skulu sýna götuhæðir (G) við aðkomu að húsum, sem er þá einnig lóðarhæð á þessum mörkum, lóðarhæðir (L) og hæðartölur (H) fyrir gólfhæð þess hluta húss, sem snýr að götu. Hæðarblöð skulu ennfremur sýna staðsetningu og hæðir á frárennslis- og vatnslögnum svo og kvaðir um inntök veitustofnana.

Vanda skal sérstaklega hæðarafsetningu gatna, bílastæða og húsa við gerð mæli- og hæðarblaða með tillitii til aðgengis hreyfiskertra. Hæðarafsetning skal samræmd og yfirfarin af landslagshönnuði skipulagssvæðisins.




snið A-A - skýringarmynd

1:1000



snið B-B - skýringarmynd

1:1000




snið C-C - skýringarmynd

1:1000



tillaga að uppbyggingu - skýringarmynd

1:1000

# GRINDAVÍK
## Víðihlíð
## tillaga að deiliskipulagi



Aðalskipulag Grindavíkur 2010-2030 (hluti) staðfest af umhverfisráðherra 25. maí 2012.

Staðsetning deiliskipulagssvæðis - - -

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 37.gr. skipulagslaga nr.123/2010

var samþykkt í skipulagsnefnd þann 22/8 2016

og í bæjarstjórn þann 30/8 2016

Tillagan var auglýst frá 01. febrúar 2016

með athugasemdafresti til 14. mars 2016

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B - deild

Stjórnartíðinda þann 2016

Róbert Ragnarsson

BÆJARSTJÓRINN Í GRINDAVÍK


**Vinnustofan Þverá ehf**

Skólavörðustíg 12 • 101 Reykjavík • sími 5514060 • fax 5614060 • arkverk.is

Valdís Bjarnadóttir arkitekt FAÍ • Gunnar Ingi Ragnarsson verkfr. FVFÍ


| | | | |
|---|---|---|---|
| hannað: | VB / GIR / ML | teikning: | 2 af 2 |
| teiknað: | ML | verknr.: | 1.150.4 |
| yfirfarið: | VB / GIR | dags.: | 14. jan. 2016 |
| breytt: | stækkun Víðihlíðar, dvalarheimilis aldraðra til suðurs færð til austurs 1. apríl 2016 vegna athugasemda á auglýsingatíma og lóðir afmarkaðar 28. júní 2016 vegna athugasemda Skipulagsstofnunar | | |
| tölvuskrá: | Víðihlíð deiliskipulag - tillaga ný 2016.mcd | | |
| kvarði: | 1:1000 á A2 | | |